

**Sp.**

### **37. Fyrirspurn**

**[37. mál]**

til félagsmálaráðherra um fjárhagsstöðu og útlánagetu húsnæðislánakerfisins.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hvernig hefur tekist að standa við ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins (miðað við fyrstu 9 mánuði ársins) með framlögum frá:
  - 1) skyldusparnaði,
  - 2) Atvinnuleysistryggingasjóði,
  - 3) lífeyrissjóðum,
  - 4) sérstakri fjáröflun ríkissjóðs?
2. Hvernig hefur tekist að standa við ákvæði lánsfjárlaga um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða?
3. Hversu mörg lán hafa verið veitt (á fyrstu 9 mánuðum ársins) til:
  - a) nýbygginga (úr Byggingarsjóði ríkisins),
  - b) eldri íbúða (úr Byggingarsjóði ríkisins),
  - c) nýrra verkamannabústaða (úr Byggingarsjóði verkamanna)?
4. Hversu margar umsóknir um lán til kaupa á eldri íbúðum liggja óafgreiddar?
5. Hversu margir umsækjendur nýbyggingarlána hafa orðið fyrir seinkun á afgreiðslu lána og hve lengi?
6. Hvað má áætla vaxtamun inn- og útlána háa upphæð á árinu 1984 í milljónum króna og sem hlutfall af ríkisframlögum hjá:
  - a) Byggingarsjóði ríkisins,
  - b) Byggingarsjóði verkamanna?